

**Fundur haldinn í stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Naust
miðvikudaginn 13. janúar 2011 kl. 16:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

DAGSKRÁ:

Mætt voru: Ásta Laufey Þórarinsdóttir, Ragnhildur Karlsdóttir, Linda Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur, Valgerður Friðriksdóttir, Borghildur B. Þóroddsdóttir og Gunnólfur Lárusson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

Dagskrá.

1. Fjárhagsáætlun 2011

Framkvæmdarstjóri fór yfir fjárhagsáætlun fyrir 2011

- Gert er ráð fyrir að tekjur verði 83,5 millj.
- Laun og launatengd gjöld verði 60 millj.
- Annar rekstrarkostnaður verði 23 millj.
- Rekstraniðurstaða verði jákvæð um 0,6 millj.

En til þess að þetta gangi upp verður að vera mikið aðhald í rekstri og góð nýting á þeim rýmum sem Naust hefur.

2. Starfsmannamál

Íbúar eru nú 13 í hjúkrunarrými, enginn í dvalarrými.

Farið var yfir stöðu starfsmannamála, hver staðan væri nú og hver hún þarf að vera. Ákveðið er að stefna á að halda starfsmannafund fljótlega í febrúar n.k.

3. Önnur mál

Fundurinn var sammála því að starfsfólk heilsugæslunnar væri búið að vera alveg einstaklega hjálpsamt gagnvart Nausti.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00